

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Borgartúni 26
101 Reykjavík

Garðabær, 18. desember 2023
Málsnúmer: 202312-0006
SS

Efni: Umsögn á endurmati verkefnastjórnar rammaáætlunar á virkjunarkostum í 3. áfanga.

Vísað er í tölvubréf frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, dags. 4. desember 2023, þar sem Náttúrufræðistofnun Íslands er boðið að veita umsögn í samráðsgátt stjórnvalda um mál nr. 254/2023 – „Endurmat á virkjunarkostum úr 3. áfanga rammaáætlunar – drög að tillögum verkefnastjórnar“.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér greinargerð verkefnastjórnar um endurmatið og meðfylgjandi skjöl og vill koma eftirfarandi athugasemdum til skila:

Náttúrufræðistofnun telur þá niðurstöðu endurmats verkefnastjórnar á flokkun Héraðsvatna að virkjunarkosturinn eigi heima í verndarflokki vel ígrundaða og rökstudda á skýran og afdráttarlausan hátt. Greinargerð erlends sérfræðings er þar sérstaklega góð viðbót sem í senn útskýrir vel hvaða áhrifa ber að vænta á vatnasvið Héraðsvatna og lífríki þess með áherslu á áhrif á flæðingjarnar, stöðugleika þeirra og eðli. Margt annað áhugavert kemur fram í greinargerð sérfræðingsins sem rökstyður frekar flokkun Héraðsvatna í verndarflokk svo sem líkleg áhrif á rústamýrar í Orravatnsrústum, hættu á kvikasilfursuppsöfnun í lífverum, aukinni sandfokshættu, áhrif á fiska o.fl. Enginn vafi ætti nú að vera til staðar um mikilvægi þess að hlífa Héraðsvötnum og vatnasviði þeirra við neikvæðum áhrifum vatnsaflsvirkjana.

Sömuleiðis telur Náttúrufræðistofnun þá niðurstöðu endurmats á flokkun Kjalölduveitu að virkjunarkosturinn eigi heima í verndarflokki rökrétta en það endurmat snýr fyrst og fremst að lögmæti málsmeðferðarinnar. Niðurstaða verkefnastjórnar er sú að Kjalölduveita hafi fengið fullnægjandi umfjöllun faghópa við umfjöllun verkefnisstjórnar 3. áfanga rammaáætlunar og að engar nýjar upplýsingar um viðkomandi landsvæði eða virkjunarkosti hafi komið fram sem gefi til kynna að þörf sé á frekari umfjöllun. Lögfræðilegt álit sem unnið var fyrir verkefnastjórnina styður vel við þá niðurstöðu. Enginn vafi ætti því að vera heldur um að virkjanaáform sem geta haft bein neikvæð áhrif á verðmætt lífríki Þjórsárvera komi ekki til greina.

Endurmat á flokkun tveggja virkjunarkosta í Þjórsá, Urriðafoss og Holtavirkjun, snýr einungis að mati faghóps 4 á samfélagsleg áhrif og faghóps 5 á hagræn áhrif, en ekki um niðurstöðu faghóps 1 um áhrif á náttúrufer. Þar sem þau viðfangsefni sem voru endurmetin tengjast ekki fagsviði Náttúrufræðistofnunar leggur stofnunin ekki mat á þá niðurstöðu verkefnastjórnar að færa virkjunarkostina í orkunýtingarflokk.

Endurmat á flokkun Skrokköldu beindist einkum að mati á áhrifum á landslag, óbyggð víðerni og friðlýst svæði, sér í lagi Vatnajökulspjódgarð. Ítarleg greinargerð sem unnin var sameiginlega af faghópum 1 og 2 fylgir þar sem m.a. hefur verið farið í nýja rannsókn á



landslagi svæðisins og mati á áhrifum virkjunarkostsins á landslag. Sú rannsókn leiddi í ljós að áhrif á landslag og landslagsheildir verða töluverð. Þá var lagt mat á áhrif á óbyggð víðerni en þar sem aðferðafræði við kortlagningu óbyggðra víðerna hefur ekki verið fest í sessi opinberlega var stuðst við tvær nálganir sem byggjast á tvenns konar kortlagningu víðerna sem fela í sér töluvert ólíka niðurstöðu. Afleiðing þess er að mjög mikill munur er á hvernig skerðing á víðernum vegna Skrokköldu er metin, eða frá 19 km² til 130 km². Síðara skerðingarmatið sem byggist á kortlagningu Carter o.fl. (2023) er augljóslega umtalsvert meiri skerðing en sú sem fyrra matið felur í sér. Þessi mikli munur felur í sér mikla óvissu sem hlýtur að leiða til þess að núverandi mat á áhrifum Skrokköldu á óbyggð víðerni getur ekki talist fullnægjandi. Þar sem um áhrif á ein stærstu óbyggðu víðerni á Íslandi er að ræða (ef miðað er við kortlagningu Carters o.fl. (2023)) sem þar að auki eru að stórum hluta innan Vatnajökulsþjóðgarðs, mætti áætla að þessi þáttur ætti að veða sérstaklega þungt við endanlegt mat á flokkun virkjanakostsins. Því er slæmt að ekki sé fullnægjandi mat til staðar og velta má fyrir sér hvort það eitt og sér setji spurningamerki við niðurstöðu verkefnastjórnar um að flokka Skrokköldu í orkunýtingarflokk.

Mögulega væri þessi óvissa um áhrif Skrokköldu á óbyggð víðerni næg ástæða til að rökstyðja áframhaldandi flokkun í biðflokk þar til betri greining er möguleg. Ljóst er að verkefnastjórn hefur metið sem svo að vægi mats annarra áhrifaþátta sé nægjanleg forsenda fyrir endanlegri flokkun virkjunarkostsins þrátt fyrir þessa óvissu um þennan matsþátt. Er það í sjálfu sér ekki óeðlilegt því matsþættir eru margir og allmargir rökstyðja ágætlega flokkun í orkunýtingu. Náttúrufræðistofnun telur þó mikilvægt að vekja athygli á þeirri ófullnægjandi stöðu sem er varðandi mat á áhrifum virkjunarkostsins á óbyggð víðerni og að það eigi að veða þungt í endurmatinu. Það er ekki síst vegna þess að almennt hefur lítið miðað í verndun óbyggðra víðerna hér á landi og það verður að teljast slæmt ef áframhaldandi óvissa um stjórnsýslulega meðferð viðfangsefnisins leiði til þess að það fái lítið vægi í ákvarðanatöku um framkvæmdir sem geta aukið skerðingu víðerna.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við drög að endurmati verkefnastjórnar á virkjunarkostum úr 3. áfanga rammaáætlunar en er reiðubúin til frekari ráðgjafar um einstök atriði ef þess er óskað.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

